

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 990/2001, um greiðslu vaxtabóta, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „7%“ í 1. másl. 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar kemur: 5,5%.

2. gr.

Við reglugerðina bætist eitt nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2003 skulu nema 90% af fjárhæð vaxtabóta reiknaðra samkvæmt 10. og 11. gr. reglugerðar þessarar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingu, og öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu vaxtabóta vegna vaxtagjalda ársins 2004 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 15. júlí 2004.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Guðmundur Thorlacius.

REGLUR

um neyðarakstur.

1. gr.

Neyðarakstur.

Ökutæki má því aðeins aka samkvæmt reglum um neyðarakstur að aksturinn sé talinn nauðsynlegur vegna verkefna lögreglu, við björgun fólks, vegna sjúkraflutninga, við eldsvoða, vegna umhverfisóhapps eða umferðaróhapps eða til að koma í veg fyrir verulegt tjón og að ökutækið sé skráð til neyðarakstur, sbr. þó 2. mgr.

Áskilnaður um skráningu ökutækis til neyðaraksturs nær þó ekki til ökutækja lögreglu, sem að jafnaði eru notuð við eftirlit eða hliðstæð verkefni en í undantekningartilvikum notuð til neyðaraksturs, og ökutækja sem í einstakt skipti eru notuð til aksturs í þjónustu lögreglu, slökkviliðs eða í lífsnauðsyn, svo sem við flutning sjúks manns eða slasaðs, sbr. 3. mgr. 8. gr. umferðarlaga.

Ökutæki á vegum forsetaembættisins, Alþingis og ráðuneyta, þegar í fylgd lögreglu, í tengslum við opinberar heimsóknir geta fallið undir þessar reglur, án þess að þau séu sérstaklega skráð til slíks aksturs.